

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 20. janúar 1989

um að leysa Belgíu, Danmörku, Þýskaland, Spán, Írland, Lúxemborg og Breska konungsríkið frá þeirri skyldu að beita, hvað ákveðnar tegundir varðar, tilskipunum ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE, 69/208/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja, sáðkorns, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja á tiltekna tegundir

(Aðeins dönsku, frönsku, ensku, hollensku, spænsku og þýsku textarnir eru fullgildir)

(89/101/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 89/100/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 23. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 89/2/EBE <sup>(4)</sup>, einkum 23. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE <sup>(6)</sup>, einkum 22. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja <sup>(7)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/380/EBE, einkum 42. gr.,

með hliðsjón af beiðni Belgíu, Danmerkur, Þýskalands, Spánar, Írlands, Lúxemborgar og Breska konungsríkisins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Sáðkorn sólfax, sitkafax, klógresis, kanarígrass, akurlógresis, akurlykkju, geitasmára, hunangsjurtar, hrísgrjóna, dúrru, afrikudúrru, blendinga sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli dúrru og afrikudúrru, safranfíls, tröllakúrbíts og sal-atpístils eru að öllu jöfnu ekki ræktuð eða markaðssett í tilteknum aðildarríkjum.

Meðan þetta ástand varir ætti að veita viðkomandi aðildarríkjum undanþágu frá því að beita ákvæðum fyrrnefndrar tilskipunar á viðkomandi tegundir.

Tiltekin aðildarríki óska einnig eftir að losna frá þeirri skyldu að beita tilskipun 70/458/EBE á iðnaðarsíkorú.

Ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*I. gr.*

1. Aðildarríkin sem tilgreind eru í 1. dálki I. hluta viðaukans, að undanskilinni 1. mgr. 14. gr., eru hér með leyst frá þeirri skyldu að beita tilskipun 66/401/EBE á tilgreindar tegundir í 2. dálki.

2. Aðildarríkin sem tilgreind eru í 1. dálki II. hluta viðaukans, að undanskilinni 1. mgr. 14. gr., eru hér með leyst frá þeirri skyldu að beita tilskipun 66/402/EBE á tilgreindar tegundir í 2. dálki.

3. Aðildarríkin sem tilgreind eru í 1. dálki III. hluta viðaukans, að undanskilinni 1. mgr. 13. gr., eru hér með leyst frá þeirri skyldu að beita tilskipun 69/208/EBE á tilgreindar tegundir í 2. dálki.

4. Aðildarríkin sem tilgreind eru í 1. dálki IV. hluta viðaukans, að undanskildum 1. mgr. 16. gr. og 1. mgr. 30. gr., eru hér með leyst frá þeirri skyldu að beita tilskipun 70/458/EBE á tilgreindar tegundir í 2. dálki.

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Belgíu, Konungsríkisins Danmerkur, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Konungsríkisins Spánar, Írlands, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Breska konungsríkisins.

Gjört í Brussel 20. janúar 1989.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 38, 10. 2. 1989, bls. 37.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(4)</sup> Stjttíð. EB nr. L 5, 7. 1. 1989, bls. 31.

<sup>(5)</sup> Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

<sup>(6)</sup> Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 31.

<sup>(7)</sup> Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

## VIÐAUKI

1	2
Aðildarríki	Tegundir

**I. hluti - tilskipun 66/401/EBE**

1. Þýskaland, Spánn, Írland	<i>Bromus catharticus</i> Vahl - sólfax
2. Þýskaland, Spánn, Írland	<i>Bromus sitchensis</i> Trin. - sitkafax
3. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Cynodon dactylon</i> (L.) Pers. - klógresi
4. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Phalaris aquatica</i> (L.) - kanarígras
5. Belgía	<i>Trisetum flavescens</i> (L.) p. Beauv. - akurlógresi
6. Belgía	<i>Hedysarium coronarium</i> L. - akurlykkja
7. Belgía	<i>Trigonella foenum - graecum</i> L. - geitasmári
8. Spánn, Írland, Breska konungsríkið	<i>Phacelia tanacetifolia</i> Benth. - hunangsjurt

**II. hluti - tilskipun 66/402/EBE**

9. Belgía	<i>Oryza sativa</i> L. - hrísgrjón
10. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench - dúrra
11. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf. - afríkuðúrra
12. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench x <i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf. - blendingar sem hafa orðið til vegna víxlæxlana milli dúrru og afríkuðúrru

**III. hluti - tilskipun 69/208/EBE**

13. Belgía, Danmörk, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Carthamus tinctorius</i> L. - safranfífill
------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------

**IV. hluti - tilskipun 70/458/EBE**

14. Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Cichorium intybus</i> L. ( <i>partim</i> ) - iðnaðarsíkoría
15. Þýskaland, Írland, Lúxemborg	<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne - tröllakúrbítur
16. Danmörk, Þýskaland, Írland, Lúxemborg, Breska konungsríkið	<i>Cynara cardunculus</i> L. - salatþistill